



**ADHD
samtökin**

**Ársskýrsla
2007**

Ársskýrsla ADHD samtakanna fyrir árið 2007

Árið 2007 einkenndist af töluverðum meðbyr í samfélaginu um málefni barna og fullorðinna með ADHD. Aukin fjölmiðlaumfjöllun bæði jákvæð og neikvæð hefur skilað sér í aukinni umræðu og viðurkenningu á ADHD bæði hjá börnum og fullorðnum.

Verkefni samtakanna ganga meira og minna vel. Á dagskrá voru fastir dagskrárliðir eins og venjulega. Fræðslufundir og útgáfa fréttabréfa. Upplýsinga- og fræðsluþjónusta samtakanna. Námskeið fyrir foreldra og fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla um ADHD. Námskeið og fundir fyrir fullorðna með ADHD. Greiningar fullorðinna. Starfsemi samtakanna er loksins að færa út kvíarnar á landsbyggðinni t.d. á Norðurlandi og Austurlandi. Nefndir á vegum samtakanna hafa skilað heilmiklu starfi á árinu. Sjálfsagt ber hæst á árinu 2007 svokölluð ADDISS ráðstefnuferð og undirbúningur undir ADHD ráðstefnu á Íslandi 2008 í tilefni af 20 ára afmæli samtakanna.

Ferðastyrkur Iceland Express til ADHD samtakanna á árinu 2007 hljóðaði upp á hálf milljón króna. Stjórn ADHD samtakanna ákvað að verja styrknum til að bjóða ýmsum lykilaðilum úr skólakerfinu og víðar á ADHD ráðstefnu í London í mars 2007. Ferðin var vel heppnuð í alla staði og segja má að fulltrúar hinna ýmsu stofnana og félaga séu í kjölfar ráðstefnunnar orðnir málsvarar barna með ADHD og dyggir samstarfsaðilar samtakanna á ýmsum vettvangi.

Undirbúningur ADHD ráðstefnu á árinu 2008 í tilefni af 20 ára afmæli samtakanna var í fullum gangi frá maí 2007. En þeir fulltrúar sem fóru utan á ADDISS ráðstefnuna eiga nú margir sæti í annað hvort undirbúningsnefnd eða bakhóp ráðstefnunnar. Ekki verður séð fyrir endann á margföldunaráhrifum sem ráðstefnuferðin til London hefur á þróun mála heima á Íslandi.

Yfirlit yfir það helsta í starfi samtakanna á árinu 2007 :

- Á síðasta aðalfundi var aðalmönnum í stjórn samtakanna fjölgað úr 5 í 7.
- Ferðastyrkur frá Iceland Express.
- Undirbúningsnefnd og bakhópur ADHD ráðstefnu 2008 hóf störf í maí.
- Nýr upplýsinga- og fræðslufulltrúi var ráðinn til starfa.
- Fræðslufundir ADHD samtakanna voru fimm á árinu og flestir vel sóttir.
- Fræðslunámskeið fyrir foreldra á vegum Eirðar og ADHD samtakanna.
- Námskeiðið Skólaganga barna með athyglisbrest og ofvirkni.
- Hópastarf og námskeið; sjálfsstyrkingarnámskeið og sjálfshjálparfundir.
- Greiningar fullorðinna, verkefnið gengur vel.
- Skólamálanefnd ADHD samtakanna gerði könnun á árinu.
- Nefnd um málefni fullorðinna með ADHD hefur starfað á árinu.
- Útgáfa tímarits um fullorðna með ADHD
- Aukin starfsemi ADHD samtakanna á Norðurlandi og Austurlandi
- Tveir aðilar fengu styrk til að stunda nám í ADHD markþjálfun.
- Tveir fulltrúar stjórnar fóru á samnorrænan fund í Stokkhólmi í maí 2007.
- Helstu styrktaraðilar ADHD samtakanna á árinu 2007.

Stjórn samtakanna

Á aðalfundi ADHD samtakanna í mars 2007 var gerð lagabreyting um fjölgun aðalmanna í stjórn samtakanna úr fimm í sjö aðalmenn. Þær breytingar urðu á stjórninni að Arnór Már Másson, Kristjana Ólafsdóttir, Erla Björg Kristjánsdóttir og Gréta Jónsdóttir voru kjörin aðalmenn í stjórn samtakanna til tveggja ára. Björk Þórarinsdóttir var einnig kjörin aðalmaður áfram til tveggja ára. Svava Hólmarsdóttir hlaut kjör sem aðalmaður árið áður til tveggja ára. Arnór hafði áður verið varamaður. Tveir nýir varamenn þau Ólafur Torfason og Sigríður J. Sighvatsdóttir voru kjörnir varamenn til eins árs. Þær Sigríður Jónsdóttir og Ása Ásgeirsdóttir fóru úr stjórn eftir 4 ára setu í stjórninni. Þeim er hér með þakkað fyrir mikið og gott starf í þágu samtakanna. Öll stjórnin ætti að geta tekið undir það að fjölgun aðalmanna í stjórninni hefur haft jákvæð áhrif á stjórnarstarfið og styrkt stjórnina til muna. Undirrituð formaður samtakanna hlaut áframhaldandi kjör sem formaður til eins árs. Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Arnór var varaformaður, Björk gjaldkeri og Kristjana ritari stjórnar.

Ferðastyrkur Iceland Express

Um 18 manns fóru á vegum samtakanna í boði Iceland Express á alþjóðlega ADHD ráðstefnu sem haldin er árlega af ADDISS samtökunum á Bretlandi. Þar á meðal voru fulltrúar frá Kennarafélagi Reykjavíkur, Félagi grunnskólakennara, Menntamála-ráðuneytinu, Skólastjórafélagi Reykjavíkur, Kennaraháskóla Íslands, Menntasviði Reykjavíkur, Fræðsluskrifstofu Kópavogs, Miðstöð heilsuverndar barna og aðilar á vegum KFUM sem skipulögðu sumarbúðir fyrir drengi með ADHD í ágúst sl. Einnig var tveimur ráðgjöfum á Sjónarhól ráðgjafarmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir boðið og foreldrum í stjórn samtakanna og starfsmanni samtakanna. Auk þess fór fleira fagfólk frá Miðstöð heilsuverndar barna og víðar að á ráðstefnuna. Samtals voru Íslendingar á ráðstefnunni um 25 manns.

Hópurinn var mjög ánægður með ráðstefnuna og margir höfðu orð á því að þeir hefðu ekki gert sér grein fyrir hversu alvarlegur vandi ADHD er. Á ráðstefnunni var hópurinn farinn að ræða hvað við gætum gert heima á Íslandi til að vinna saman að málefnum barna og unglunga með ADHD til að auka skilning fyrir þeim og bæta þjónustuna við þennan hóp.

Undirbúningsnefnd og bakhópur ADHD ráðstefnu 2008

Stór hluti hópsins sem fór á ADDISS ráðstefnuna í London hefur tekið sæti í nefnd sem vinnur að undirbúningi ADHD ráðstefnu á næsta ári héraðs í samstarfi við enn fleiri aðila í tilefni af 20 ára afmæli ADHD samtakanna á næsta ári. Auk þess er samstarf við fjölda fulltrúa ýmissa stofnana og félaga í bakhóp ráðstefnunnar. Eftirfarandi fulltrúar eiga sæti í undirbúningsnefndinni og bakhópnum.

Undirbúningsnefnd :

Ingibjörg Karlsdóttir formaður ADHD samtakanna
Kristjana Ólafsdóttir stjórn ADHD samtakanna
Björk Þórarinsdóttir stjórn ADHD samtakanna
Tómas Jónsson Fræðsluskrifstofu Kópavogs
Þorgerður L. Diðriksdóttir formaður Kennarafélags Reykjavíkur
Gyða Haraldsdóttir Miðstöð heilsuverndar barna
Páll Magnússon Barna- og unglingsgeðdeild Lsh.

Ásgerður Ólafsdóttir menntamálaráðuneytinu
Bryndís Halldórsdóttir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Undirbúningsnefnd ber ábyrgð á öllum undirbúningi ráðstefnunnar og framkvæmd hennar.

Bakhópur :

Kristín Jónsdóttir Félag grunnskólakennara
Sólrun B. Kristinsdóttir Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf KHÍ
Hrund Logadóttir menntasvið Reykjavíkur
Svandís Ingimundardóttir Samband íslenskra sveitarfélaga
Kistrún Guðmundsdóttir Skólastjórafélag Íslands
Kristín Kristmundsdóttir Eirð fræðslu- og ráðgjafarþjónusta
Hákon Sigursteinsson Velferðarsvið Reykjavíkur
Bóas Valdórsson Sálfræðingafélag Íslands
Stefán J. Hreiðarsson Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Grétar Sigurbergsson geðlæknir
Herdís Zophoníasdóttir Félag náms- og starfsráðgjafa
Margrét Björnsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu

Bakhópur er ráðgefandi um faglega hlið ráðstefnunnar og hugsaður til að tryggja að sem flest sjónarmið komi fram við undirbúning ráðstefnunnar. Jafnframt mun bakhópur gegna mikilvægu hlutverki í kynningu á ráðstefnunni.

Starf undirbúningsnefndar hefur gengið mjög vel. Vefsíða ráðstefnunnar er langt komin, fyrirlestrar erlendra fyrirlesara eru staðfestir, kynningin á ráðstefnunni er í fullum gangi og fjáröflun. Mótun dagskrár íslenskra fyrirlestra og kynninga er í vinnslu.

Nýr upplýsinga- og fræðslufulltrúi ráðinn

Anna Rós Jensdóttir upplýsinga- og fræðslufulltrúi samtakanna lét af störfum í ágúst til að fara í nám, eftir 3ja ára starf á skrifstofu samtakanna. Önnu Rós er hér með þakkað fyrir frábært starf í þágu samtakanna og henni óskað velfarnaðar í námi og starfi. Í stað hennar var Anna Guðrún Júlíusdóttir ráðin í starf upplýsinga- og fræðslufulltrúa. Anna Guðrún hefur mikla og fjölbreytta reynslu af starfi í skólakerfinu og víðar og hefur þegar komið í ljós að menntun hennar og þekking nýtist vel í starfi fyrir samtökin.

Fræðslufundir samtakanna

Fræðslufundir ADHD samtakanna voru fjórir á árinu og flestir vel sóttir.

Umfjöllunarefni fundanna var eftirfarandi :

- Fyrsti fræðslufundur ársins í mars fjallaði um “ADHD hjá stelpum“, fyrirlesari var Rósa Steinsdóttir listmeðferðarfræðingur.
- Annar fræðslufundur ársins í apríl fjallaði um “Að ná því besta fram hjá einstaklingi með ADHD“, fyrirlesari var Sigríður Jónsdóttir ADHD markþjálfari.
- Þriðji fræðslufundur ársins í október fjallaði um “Framhaldsskólanema með ADHD“, fyrirlesari var Sigrún Harðardóttir námsráðgjafi, kennari og félagsráðgjafi í Menntaskólanum á Egilsstöðum.
- Fjórði fræðslufundur ársins í nóvember fjallaði um „Fullorðna með ADHD“, fyrirlesari var Grétar Sigurbergsson geðlæknir.

- Fimmti fræðslufundurinn á árinu í nóvember fjallaði um “Olnbogabörn skólasamfélagsins“, fyrirlesari var Arnar Þorsteinsson námsráðgjafi í Ölduselsskóla.

Fræðslunámskeið

Fræðslunámskeið fyrir foreldra barna með ADHD var haldið í október í samvinnu við Fræðslu- og ráðgjafarþjónustuna Eirð og var námskeiðið ágætlega sótt af foreldrum. Samkvæmt matsblöðum voru foreldrar yfirleitt nokkuð ánægðir með flesta fyrirlestrana hvað varðar gagnsemi og framsetningu.

Námskeiðið Skólaganga barna með ADHD

Námskeiðið er fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla og var haldið tvisvar í Reykjavík í mars og nóvember við mjög góða aðsókn. Auk þess var námskeiðið haldið á Austurlandi í samstarfi við Skólaskrifstofu Austurlands. Að námskeiðinu stendur samstarfshópur fulltrúa frá ADHD samtökunum, Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf KHÍ, Félagi grunnskólakennara, SAMFOK, Heimili og skóla, Skólastjórafélagi Reykjavíkur og Eirð fræðslu- og ráðgjafarþjónustu. Skráning fór fram hjá Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands, á vef <http://simennt.khi.is>. Námskeiðsmat kom vel út.

Námskeið, hópastarf og sjálfshjálparfundir

Ýmis námskeið, hópastarf og fundir voru skipulagðir á árinu s.s. :

- Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir karla með ADHD var haldið á vorönn. Leiðbeinendur voru Rúnar Helgi Andrason og Haukur Haraldsson sálfræðingar.
- COPE námskeið fyrir foreldra barna með ADHD og hegðunarvanda var haldið á vorönn í Reykjavík. Leiðbeinendur voru Kristín Kristmundsdóttir félagsráðgjafi og Málfríður Lorange taugasálfræðingur.
- Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur með ADHD var haldið á haustönn. Leiðbeinendur voru Ágústa Gunnarsdóttir og Valgerður Magnúsdóttir sálfræðingar.
- Fræðslunámskeið fyrir foreldra barna með ADHD var haldið á haustönn í samstarfi við Eirð fræðslu- og ráðgjafarþjónustu.
- Sjálfshjálparfundir fullorðinna með ADHD voru í gangi vikulega nánast allt árið í umsjá fulltrúa samtakanna.

Greiningar fullorðinna

Verkefnið gengur vel. Alls hafa um 198 einstaklingar komið í greiningu hjá Ágústu Gunnarsdóttur sálfræðing frá upphafi þ.e. apríl 2005. Fólkið er á aldrinum 16 – 69 ára. Á árinu 2007 komu 66 manns í greiningu fæddir á bilinu 1991 – 1943. Af þeim hóp voru 35 karlar og 31 kona. Verkefnið er komið í fastar skorður og fer því orðið minni tími í umsýslu í kringum verkefnið hjá upplýsinga- og fræðslufulltrúa samtakanna. Ljóst er að þörfin fyrir þessa þjónustu var fyrir hendi þar sem Ágústa hefur að jafnaði verið bókuð 2 mánuði fram í tímann. Gott samstarf er við Grétar Sigurbergsson geðlæknir vegna tilvísana.

Skólamálanefnd ADHD samtakanna gerði könnun á árinu meðal skólastjóra grunnskóla og foreldra grunnskólabarna.

Í skólamálanefnd ADHD samtakanna hafa starfað eftirfarandi fulltrúar :

- Anna Dóra Guðmundsdóttir
- Inga Björg Hjaltadóttir
- Kristjana Ólafsdóttir
- Ragnhildur Birna Hauksdóttir
- Íris Baldvinsdóttir
- Ingibjörg Pálsdóttir

Skólamálanefndin gerði könnun á þjónustu við börn með ADHD í grunnskólum landsins með því að senda spurningakönnun til allra skólastjóra grunnskólanna á landinu og til foreldra barna á grunnskólaaldri sem eru félagsmenn í samtökunum. Niðurstöður liggja brátt fyrir.

Nefnd um málefni fullorðinna með ADHD hefur starfað á árinu.

Í nefnd um málefni fullorðinna með ADHD hafa starfað eftirfarandi fulltrúar :

- Eir Pjetursdóttir
- Gréta Jónsdóttir
- Guðný Elísa Guðgeirsdóttir
- Ingibjörg Karlsdóttir

Nefndin hefur fjallað um sjálfshjálparfundina á miðvikudögum fyrir fullorðna með ADHD og gert breytingar á þeim. Auk þess hefur nefndin unnið að undirbúningi útgáfu og þýðingu bókar um fullorðna með ADHD eftir Hallowell og Ratey; „Delivered from Distraction“. Samið var við Bókaforlagið Skjaldborg um útgáfu bókarinnar og við Sigrúnu Harðardóttur námsráðgjafa, félagsráðgjafa og kennara um þýðingu bókarinnar sem þegar er hafin. Unnið er að því að gera breytingar á námskeiðum sem í boði eru hjá samtökunum fyrir fullorðna með ADHD.

Útgáfa tímarits um fullorðna með ADHD

Í stað þess að gefa út 2. tbl. af fréttabréfi ADHD samtakanna var ákveðið vorið 2007 að gefa út tímarit um fullorðna með ADHD. Allar greinar og viðtöl fjalla um fullorðna með ADHD. Þeir sem stóðu að útgáfunni ásamt formanni voru flest allir fullorðnir með ADHD ss. Sigurður Hannesson hönnuðurinn að útliti tímaritsins, ljósmyndarinn Haraldur Guðjónsson. Auk þess Sigríður Jónsdóttir markþjálfari sem vann viðtalsgrein og grein um ADHD markþjálfun. Tímaritið um fullorðna með ADHD var gefið út í stærra upplagi en fréttabréfið þar sem því er ætlað að vera upplýsingarit um fullorðna með ADHD þar til gefinn verður út bæklingur þess efnis.

Aukin starfsemi ADHD samtakanna á Norðurlandi og Austurlandi

Haldinn var fræðslufundur á vegum samtakanna á Akureyri í mars 2007 í samvinnu við Skóladeild Akureyrar. Í kjölfarið tóku foreldrar sig saman og ákváðu að funda reglulega og fjalla um málefni barna með ADHD á Akureyri. Ein móðir að nafni Linda Ómarsdóttir bauðst til að hafa forgöngu fyrir hópnum. Skipulagðir voru reglulegir fundir foreldra og fræðslufundir meira og minna allt árið. Í nóvember var haldinn stór fundur með fagaðilum Skóladeildar og Fjölskyldudeildar Akureyrar ásamt Lindu og undirrituðum formanni samtakanna. Þar var tekin ákvörðun um að skipuleggja fræðslunámskeið um ADHD fyrir foreldra á Akureyri með fagaðilum af því svæði. Auk þess var ákveðið að fá námskeiðið Skólaganga barna með ADHD norður (var haldið í mars 2008). Fleiri góðar ákvarðanir voru teknar á þeim fundi og fylgir Linda þeim fast eftir.

Á Höfn í Hornafirði eiga samtökin verðugan málsvara sem er Jón Sölvi Ólafsson. Hann hefur skipulagt reglulega fundi fyrir foreldra barna með ADHD og fullorðna með ADHD, fundirnir eru blandaðir fundir þ.e. einnig fyrir félagsmenn í t.d. Hugarafli og Geðhjálp svo eitthvað sé nefnt. Jón Sölvi skipulagði fræðslufund með Gylfa Jóni Gylfasyni sálfræðing um ADHD á árinu 2007.

Styrkur til ADHD markþjálfunar fjarnáms

Tveir umsækjendur fengu styrk til fjarnáms í ADHD markþjálfun. Annar umsækjandinn er búsettur á Akureyri. ADHD coaching/markþjálfun er stór þáttur í stuðningsneti fjölskyldna og fullorðinna með ADHD erlendis. Þegar er komin góð reynsla af ADHD markþjálfun á Íslandi og vitað er að opinberar stofnanir vísa orðið á ADHD markþjálfun.

Tveir fulltrúar stjórnar fóru á samnorrænan fund í Stokkhólmi í maí 2007.

Undirrituð formaður samtakanna og Björk Þórarinsdóttir fóru utan til Stokkhólms á samnorrænan fund í maí. Norræna samstarfið og þessir árlegu fundir eru gríðarlega mikilvægir og kjörið tækifæri til að miðla og læra af reynslu nágrannaþjóða okkar. Næsti samnorræni fundurinn verður í Reykjavík í maí 2008.

Styrktaraðilar

Auk myndarlegra styrkveitinga vegna söfnunarátaks Sparisjóðsins um áramótin 2006/2007, fengu samtökin styrk frá fjárlaganefnd ríkisins, ÖBÍ, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Forvarnasjóð, Landsbankanum, Pokasjóð, Iceland Express í formi flugfargjalda, Velferðarsjóð barna vegna ADHD markþjálfunar námsstyrks, Endurmenntunarsjóð grunnskóla, Minningarsjóð Margrétar Björgólfsdóttur, menntamálaráðuneytinu, Formaco, Reykjavíkurmaraþon Glitnis, félagsmálaráðuneytinu, Menntaráði Reykjavíkurborgar og Verkefnalausnum. Hjá Iceland Express hefur verið í gangi söfnun um borð í flugvélum fyrir ADHD samtökin. Formleg afhending söfnunarfésins og styrks í formi flugfarmiða var síðan í byrjun þessa árs. Sparisjóðurinn fór aftur af stað með söfnunarátak fyrir jólin 2007 og þá til styrktar geðheilsu barna og urðu ADHD samtökin aftur ein af þeim samtökum sem safnað var fyrir. Ekki má gleyma þeim fjölmörgu fyrirtækjum og aðilum sem styrkja útgáfu fréttabréfsins með styrktarlínum og auglýsingum.

Öllum styrktaraðilum er þakkað fyrir stuðninginn og hlýhug til samtakanna. Öllum sem starfað hafa með einum eða öðrum hætti að verkefnum samtakanna er þakkað fyrir ómetanlegt starf í þágu barna og fullorðinna með ADHD og aðstandenda þeirra.

Reykjavík 27. mars 2008
Ingibjörg Karlsdóttir formaður